

# Samstöðufundur í Röst

Þriðjudaginn 24. október bauð Kvenfélag Hellissands til samstöðufundar í Röst á Hellissandi. Til efnið var boðað kvennaverksfall á landsvísu undir yfirskriftinni "Kallarðu þetta jafnrétti?". Vísar yfirskriftin til þess að konur og kynsegin fólk fái ítrekað þau skilaboð að vegna þess að Ísland sé fremst meðal jafningja þegar kemur að jafnréttismálum, megi þau ekki vera reið yfir því ójafnrétti sem viðgengst enn. Á Kvennafrídaginn voru konur og kvár hvött til að leggja niður launaða og ólaunaða vinnu líkt og konur gerðu þegar fyrst var boðað til kvennafrís árið 1975. Þá lögðu 90% kvenna á Íslandi niður störf til að sýna mikilvægi vinnuframlags kvenna fyrir samfélagið og markaði dagurinn spor í sögu íslenskrar og alþjóðlegrar kvennabaráttu. Þann 24. október var hvatt öll þau sem gátu til að leggja niður störf; ekki mæta til vinnu, ekki annast börnin, ekki gefa þeim mat eða smyrja nesti né sinna veikum fjölskyldumeðlimum heldur fá karlkyns fjölskyldumeðlim eða vin til að standa vaktina. Konur og kvár sleppa þá öllu sem gæti talist til starfa hvort sem er átt við launaða vinnu, eða ólaunaða líkt og umönnun barna, sinna heimilinu eða þriðju vaktina svoköll-



uðu. Þó var ríkur skilningur á því að sum starfsemi sé þess eðlis að ekki sé hægt að leggja störf alfaríð niður án þess að stofna öryggi og heilsu fólks í hættu. Víða um land var haldið viðburði þar sem konur og kvár mættu saman í baráttuhug. Í Röstinni komu íbúar Snæfellsbæjar saman, boðið var upp á kökur og kaffi og var fólk hvatt til að mæta í bleiku af tilefni Bleikum október.

SJ

## Arnar Geir Íslandsmeistari



PRS mótarið hjá Skotfélaginu Skotgrund er nú lokið. Keppt var í tveimur flokkum en mótarið samanstendur af 6 mótum en 3 bestu mótin gefa stigíkeppninni um Íslandsmeistararitilinn. Meðlimir Skotgrund stóðu sig með þryði í keppni en Arnar Geir Diego Ævarsson stóð uppi sem Íslandsmeistari í verksmiðju flokki og Dagný Rut Kjart-

ansdóttir var í öðru sæti í samanflokki. Í opnum flokki endaði Kári Hilmarsson í 6. sæti af 26 keppendum, Arnar Geir var í 17. sæti og Gunnar Ásgeirsson var í 20. sæti. Gunnar tók aðeins þátt í einu móti og fékk bronsverðlaun á því móti. Glæsilegur árangur hjá keppendum Skotgrund í skotfimi.

JJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

# Pétur Bogason kvaddur



Sunnudaginn 15. október síðastliðinn var haldin kveðjuguðsþjónusta í Ólafsvíkurkirkju. Söfnuðurinn kvaddi þar Pétur Bogason sem lætur af störfum eftir þrjátíu ára störf við kirkjuna. Var honum þakkað fyrir sín góðu störf sem meðhjálpari og áður kirkjuvörður í Ólafsvíkurkirkju auk þess sem hann hefur setið í Sóknarnefnd Ólafsvíkurkirkju. Pétur var kvaddur með fallegum orðum, minningum um liðna tíma og gjöfum. Pétur Steinar Jóhannsson hélt þakkaræðu fyrir hönd Sóknarnefndar Ólafsvíkur og færði Ragnheiður

Víglundsóttir honum málverk eftir Vigdísí Bjarnadóttur sem gjöf frá Sóknarnefndinni. Elsa Sigurbjörg Bergmundsóttir hélt ræðu fyrir hönd Kirkjukórs Ólafsvíkur, færði kórinn honum kertalukt með vísan í Ólafsvíkurkirkju að gjöf og söng svo með Pétri eitt lag en Pétur gantaðist með að loks þegar hann kveður rætist draumurinn um að vera meðlimur í kórnum. Að guðsþjónustunni lokinni bauð Kirkjukór Ólafsvíkur til kaffiveitinga í Safnaðarheimili Ólafsvíkurkirkju.

SJ

**FISKMARKAÐUR ÍSLANDS**

Sími: 430 3700  
[www.fmis.is](http://www.fmis.is)



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði,

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netfang: [steinprent@simnet.is](mailto:steinprent@simnet.is)

Sími: 436 1617

## Jól í skókassa

MÓTTAKA SKÓKASSA Í SNÆFELLSBÆ  
FER FRAM

KL. 16.00 - 18.00  
FIMMTUDAGINN 2. NÓVEMBER

Í ÁTTHAGASTOFU SNÆFELLSBÆJAR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á VEFÍÐU KFUM OG KFUK  
[WWW.KFUM.IS/SKOKASSAR](http://WWW.KFUM.IS/SKOKASSAR)

AÐRAR UPPLÝSINGAR GEFUR  
SIGURBJÖRG JÓHANNESDÓTTIR S. 843-0992

## Hjörleifur og Garðar hlutu gullmerki UMFÍ



Hjörleifi Kr. Hjörleifssyni og Garðari Svanssyni voru veitt gullmerki á sambandsþingi UMFÍ 20.-22. október síðastliðinn. Hjörleifur hefur verið sjálfbóðaliði í íþrótt- og ungmennafélagshreyfingunni frá árinu 1994. Hann hefur gegnt mörgum mismunandi störfum innan stjórnar HSH og er nú formaður þess. Hann var einnig formaður Landsmótsnefndar UMFÍ 50+ þegar mótið var haldið í Stykkishólmi í sumar. Garðar hefur einnig gegnt mörg-

um störfum innan stjórnar HSH og leggur mikla vinnu í störf sín. Hann hefur setið í fjölbreyttum sætum innan stjórn Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands og hefur setið ófá þing og fundi sambandsaðila UMFÍ bæði sem fulltrúi UMFÍ og ÍSÍ. Hann hefur verið ötull málsvari hreyfingarinnar. Á myndinni eru fulltrúar HSH á sambandsþinginu, þau Garðar Svansson, Gunnhildur Gunnarsdóttir og Hjörleifur Kr. Hjörleifsson.

JJ

**Getraunir 1x2**  
Munið félagsnúmer Víkings - 355

# VALDIMAR



## Valdimar og hljómsveit í Ólafsvíkukirkju

**Fimmtudagur 26. október 2023 kl. 20.30**

**Miðasala fer fram á Tix.is - Miðaverð 3.900  
eða 4.500 við hurð á meðan húsrúm leyfir.**

Menningarnefnd Snæfellsbæjar blæs til skemmtilegra vetrartónleika í Ólafsvíkukirkju fimmtudaginn 26. október kl. 20.30.

Hljómsveitin Valdimar var stofnuð árið 2009 og hefur notið mikilla vinsælda allar götur síðan. Á tónleikunum í Ólafsvík verður sveitin fullmönnuð.

Sveitin hefur gefið út fjórar plötur og hafa þær hlotið fjölda tilnefninga til íslensku tónlistarverðlaunanna. Hljómsveitin hefur komið víða fram á tónlistarhátíðum bæði hér heima sem og erlendis.

Menningarnefnd Snæfellsbæjar





# G. Run styrkir Krabbameinsfélag Snæfellsness

Síðastliðnar vikur hefur Guðmundur Runólfsson hf staðið fyrir fiskisölu í Grundarfirði þar sem íbúum gefst tækifæri til að versla ferskt fiskmeti í neytendavænum umbúðum. Í síðustu viku stóð G. Run fyrir þessari áður nefndu fiskisölu í húskynnum sínum en þó með aðeins öðruvísi sniði, í þetta sinn rann allt andvirði fiskisölnnar til Krabbameinsfélags Snæfellsness. Þorskhnakkar, ýsuhnakkar, karfaflök og gellur voru til sölu, viðtökur fóru framur björtustu vonum og var andvirði sölnnar 260.000 krónur. Föstudaginn 20. október, þegar landsmenn allir héldu Bleika daginn hátíðlegan, tóku þær Eygló Kristjánsdóttir og Sólrún Guðjónsdóttir við styrknum fyrir hönd Krabbameinsfélags Snæfellsness. Meðfylgjandi mynd er af þeim ásamt



Guðmundi Smára Guðmundsýni, framkvæmdastjóri G. Run, og bleikklaeddu starfsfólki fyrir-tækisins.

SJ

## Síma- og netsambandslaust



Á fimmtudaginn í síðustu viku varð truflun á símasambandi Nova og Vodafone á svæðinu. Mikið rok var alla síðustu viku sem varð til þess að tengibox losnaði í símamastrinu við Pósthúsið í Ólafsvík. Boxið hékk í mastrinu og sveiflaðist í rokinu. Síma-ver Nova og Vodafone fengu trúlega fjölda símtala

frá bæjarbúum sem gátu hvorki talað í símann né tengst netsambandi. Tæknimenn voru sendir vestur þegar búið var að framkvæma bilanagreiningu en þeir komust ekki upp í mastrið vegna mikils hvassviðris fyrr en um 18 tímum eftir að bilunin kom upp.

JJ



Við bjóðum upp á  
alhliða bílaviðgerðir,  
dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímapantanir í síma 436-1111

## AÐALFUNDUR LEIKFÉLAGSINS LAUGU

- Verður haldinn þriðjudaginn 31. október í félagsheimilinu Klifi - kaffisalnum og hefst fundurinn klukkan 18:00
- Venjuleg aðalfundarstörf

Hlökkum til að sjá sem flesta er láta sig störf félagsins varða.

Stjórnin





## Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana 2024

Hafin er vinna við gerð fjárhagsáætlunar Snæfellsbæjar fyrir árið 2024 og hér með er auglýst eftir umsóknum um styrki.

Engir styrkir fást greiddir nema um þá sé sótt og bæjarstjórn samþykki þá.

Þeir sem vilja koma með styrkumsókn er varða næsta fjárhagsár Snæfellsbæjar eru hvattir til að skila þeim á bæjarskrifstofuna til bæjarritara fyrir 1. nóvember 2023.

Félagasamtök sem fengu styrki á árinu 2023 þurfa að senda inn ársreikning með áframhaldandi styrkbeiðni.

## Unnið við að bæta löndunaraðstöðu



Unnið er að stækkun á tré-bryggjunni við Norðurtanga í Ólafsvíkum þessar mundir. Í verkinu felst að lengja bryggjuna um átta metra, breikka hana um fjóra metra og hækka hana um 30 cm. Með því að hækka hana um 30 cm verður hún jafn há og stálþilið. Þegar framkvæmdum líkur verður

aðstaða fyrir þrjá löndunarkrana sem mun minnka löndunarmið. Köfunarþjónusta Sigurðar ehf. er verktaki yfir verkinu og eru áætlaðar um 102 milljónir króna í framkvæmdirnar. Verklök eru áætluð fyrir upphaf strandveiða næsta sumar.

JJ



Bifreiðaverkstæði /Egis.  
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn



# Bleikur dagur á Snæfellsnesi

Hápunktur Bleiks október og Bleiku slaufunnar, árlegs árvekni- og fjáröflunarátaks Krabbameinsfélagsins, er Bleiki dagurinn. Dagurinn hefur notið mikilla vinsælda undanfarin ár og er haldinn hátíðlegur um land allt bæði á vinnustöðum, heimilum og öðrum samkomustöðum en í ár var hann haldinn föstudaginn 20. október. Þá er hefð fyrir því að fólk beri Bleiku slaufuna, klæðist bleiku, haldi bleik boð, gæði sér á bleiku bakkelsi og lýsi upp skammdegið með bleikum ljóma. Bleiki dagurinn er tilefni til að gleðjast með vinnufélögum, vinum og fjölskyldu en á sama tíma

ristir hann dýpra. Með þessum degi er vonin að allar konur sem greinst hafa með krabbamein upplifi stuðning og samstöðu. Þessi bleiki stuðningur skiptir miklu máli fyrir allar þær konur sem eru að glíma við krabbamein í dag, eða hafa háð þá glímu, fjölskyldur þeirra og fjölskyldur þeirra sem hafa misst sínar konur úr krabbameinum. Líkt og síðustu ár slá íbúar Grundarfjarðar og Snæfellsbæjar ekki slöku við þegar kemur að Bleika deginum. Meðfylgjandi myndir sýna brot af bleiku stemmingunni sem ríkti síðastliðinn föstudag.

SJ



FASTEIGNASALA  
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á  
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.  
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



## HÁTÍÐARMESSA

### 100 ára Brimilsvallakirkja

verður haldin laugardaginn 28. október 2023 kl. 14:00

í Brimilsvallakirkju.

Messukaffi verður á eftir í Safnaðarheimili Ólafsvíkurkirkju.

Séra Ægir Örn Sveinsson þjónar fyrir altari og Kirkjukór  
Ólafsvíkur leiðir safnaðarsönginn. Allir velkomnir!



## Afmælisguðspjónusta í Ingjaldshólskirkju

Sunnudaginn 29. október kl. 15

Við ætlum að halda upp á 120 ára  
afmæli kirkjunnar með tónlistarveislu  
þar sem Sigríður Eyrún Friðriksdóttir  
syngur

Dóra Sólrún Kristinsdóttir djákni prédikar

**Kaffiveitingar eftir guðspjónustu**



# Heimaleikurinn slær í gegn



Allra heilagra messa

Setbergskirkju

sunnudaginn

29. október kl. 13

SETBERGSPRESTAKALL




látinna minnst með bæn og ljósi

Heimildamyndin Heimaleikurinn hefur verið valin inn á einu stærstu heimildamyndahátíð Bandaríkjanna Doc NYC sem mun fara fram dagana 8.-16. nóvember næstkomandi. Myndin hefur heillað áhorfendur upp úr skónum síðan hún var frumsýnd 16. september. Myndin vann áhorfendaverðlaun á Skjaldborgarhátíðinni og á Nordisk Panorama í Malmö í September. Logi Sigursveinsson og Smári Gunnarsson, leikstjórar myndarinnar, munu verða viðstaddir sýningu myndarinnar á Doc NYC í New York og svara spurningum áhorfenda að sýningu lokinni. Myndin var tilnefnd í flokki bestu alþjóðlegu heimildarmyndarinnar en það eru níu aðrar myndir sem keppast um þann titil.

Heimaleikurinn er sýnd í Bíó Paradís, í Smárabíó í Reykjavík og í Frystiklefanum á Rífi. Aðsóknarmet var í Frystiklefanum um liðna helgi þegar færri komust að en vildu. Vegna þess hefur Kári ákveðið að bæta við sýningum og mun hann sýna Heimaleikinn í Frystiklefanum 27. og 29. október. Miðasala er hafin á heimasíðu Frystiklefans.

Á meðfylgjandi mynd er Kári að bjóða gesti velkomna á sýninguna en eins og áður segir var myndin sýnd fyrir húsfylli um helgina.

JJ

 Jökull Bæjarblað  
 steinprent@simnet.is  
 436 1617

## HREKKJAVAKA Í PAKKHÚSINU

**Pakkhúsið fær drungalega yfirhalningu  
Sunnudaginn 29. október frá kl. 16 - 18**


**Verið öll velkomn að eiga  
hryllilega kosy samverustund!**

- 10. bekkur verður með kaffisölu
- Ungmennaráð býður upp á andlitsmálningu
- Draugalejt á efri hæð
- Föndursmiðja verður í boði

HLÖKKUM TIL AÐ  
SJA YKKUR  
MENNINGARNEFND



# Alla leið á öruggari dekkjum



Henta vel  
undir rafbíla



## Michelin X-ICE North 4

Besta hemlun í hálku, hvort sem dekkin eru ný eða ekin 10.000 km.

Betri akstureiginleikar í samanburði við helstu samkeppnisaðila.

Hámarksgríp með sérhönnuðu mynstri fyrir hverja stærð.

Einstök ending.

Lágmarks hljóðmengun.



## Michelin X-ICE Snow

Nýjasti meðlimurinn í vetrardekkjalínu Michelin.

Aukið gríp í hálku, snjó og slabbi.

Endingargott gríp út líftímann.

Einstakir akstureiginleikar og þægindi við erfiðustu aðstæður.

Allir bestu eiginleikarnir

– Michelin Total Performance.



Notaðu  
N1 kortið



## Michelin Alpin 6

Nýr mynsturskurður sem opnast eftir því sem dekkið slitnar.

Endingargott gríp út líftímann.

Lagskipt gúmmíblanda sem veitir hámarksgríp.

Verslun N1

Ólafsbraut 57, Ólafsvík, 436-1581



ALLA LEIÐ